
Breytingasaga

Síðast uppfært 28/07/2026 3:42 pm BST

Hafðu meiri yfirsýn og vissu um breytingar á tímabókunum og upplýsingum um viðskiptavini.



Hefur þú einhvern tímann lent í því að breyta óvart upplýsingum um viðskiptavin sem þú þurftir síðan enn á að halda? Eða að glata mikilvægum upplýsingum um viðskiptavin vegna þess að einhver annar eyddi því óvart út? Þá er breytingasagan eitthvað fyrir þig.

Hvar nálgast ég breytingastöguna?

Til þess að nálgast breytingasögu viðskiptavina ferðu undir **valmyndina** -> **viðskiptavinir** -> leitar eftir viðkomandi -> **smellir á breytingar.**

Til þess að nálgast breytingasögu tímabókunar smellirðu á **viðkomandi tímabókun** -> smellir á **breytingasaga.**


Hvað sé ég í breytingasögunni?

Breytingasagan gerir þér kleift að skoða allar breytingar sem hafa verið gerðar á tímabókunum og viðskiptavinum. Einnig getur þú fylgst með og sannreynt öll sjálfvirk skilaboð sem viðskiptavinir hafa fengið frá Noona.

Breytingasaga um tímabókun


- Hvenær var tímabókun **færð** og hver gerði það.
- Hvenær var tímabókun **eytt** og hver gerði það.
- Hvenær var **afbókað** og hver gerði það.
- Hvenær var **tímalengd breytt** og hver gerði það.

- Hvenær var **tölvupóstur sendur** og á hvaða netfang.
- Hvenær var **tölvupóstur opnaður.**
- Hvenær var **tilkynning í Noona appið** send.
- Hvenær var **SMS áminning** send.



Breytingasaga um viðskiptavini

- Hver bætti við eða breytti **nafni** og hvenær.
- Hver bætti við eða breytti **símanúmeri** og hvenær.
- Hver bætti við eða breytti **netfangi** og hvenær.
- Hver bætti við eða breytti **kennitölu** og hvenær.
- Hver bætti við eða breytti **minnispunkti** og hvenær.



Þá er það ekki fleira í bili, en ekki hika við að heyra í okkur ef einhverjar spurningar vakna!

Bestu kveðjur,
Noona Teymið